

## Kynning á Iðnaðarsafninu – júlí 2018

Það er mikilvægt að skilgreina hlutverk og tilgang safna. Skiptir safnið máli í samfélaginu og gerir það gagn? Hvernig skiptir það máli, og hvaða gagn gerir það?

**Megin hlutverk** safna - er að safna, skrá, rannsaka, varðveita, og sýna muni. Þar er Iðnaðarsafnið engin undantekning. Hér er munir sem tengjast iðnaðarsögu Akureyrar og nágrennis varðveittir. Fjölbreytni innan þess ramma er mikil. Svo eitthvað sé nefnt þá eru hér alls kyns vélar, stórar og smáar, umbúðir framleiðsluvarnings, auglýsingar, ljósmyndir, sveinsstykki handverksmanna, ýmis konar áhöld, fjölbreyttur fatnaður, aðallega úr ull og mökkaskinni, skór og fleira og fleira. Einnig erum við með úraverkstæði og líkkistuvinnustofu með tilheyrandi áhöldum. Hér á útsvæðinu eru svo gripir sem eru of stórir til að vera undir þaki. Von okkar er sú að í framtíðinni getum við gert betur við þá gripi.

**Tilgangur** safna er að viðhalda menningararfinum og skila honum til komandi kynslóða. Ef ekkert áþreifanlegt er til staðar verður fortíðin aðeins saga sem er sögð með stuðningi ljósmynda. En fortíðin og fólkið sem er horfið á braut verður miklu raunverulegra ef hægt er að sjá og jafnvel snerta hlutina sem það bjó til og notaði.

- Menningararfurinn er líka mikilvægur fyrir okkur til að skilgreina hver við erum og af hverju við erum sprottin. Eitthvað af unga fólkinu hér í bæ, og kannski víðar, skilgreinir Akureyri sem háskólabæ og hefur aldrei heyrt minnst á að bærinn hafi verið skilgreindur sem iðnaðarbær.
- Við erum að afla þekkingar (móta þekkingu með því að rannsaka gripi og sögu þeirra – og miðla þekkingu. Móttaka safngripa er þekkingaröflun.
- Safnið er gagnvirkt. Safnið miðlar sögu til gesta og gestir miðla til starfsfólk í staðinn, ýmsum upplýsingum og sögum. Oft vita gestir miklu meira um suma safngripi heldur en við!
- Gestir/fólk vill finna tengingu við sinn eigin bakgrunn. Það gleðst yfir hlutum sem það þekkir. Þeir koma af stað minningum og oft spinnast skemmtilegar sögur.

**Söfnunarstefnu** þurfa söfn að hafa. Þar kemur fram hverju á að safna, af hvaða svæði o.s.frv. Vegna plássleysis hér er nauðsynlegt að fylgja söfnunarstefnunni og halda sig inn þess ramma sem hún setur. Annars yfirfyllist húsnæðið af alls kyns dóti sem á í raun ekki heima á iðnaðarsafni. Safngeymslur út í bæ eru dýrar, sem eykur nauðsyn þess að safna aðeins því sem, í okkar tilfalli, tengist iðnaði. Hins vegar er það svo að ýmislegt slæðist hér inn á sýningu sem tengist ekki beint iðnaði en er samt athyglisvert að skoða.

**Forvarsla** er nauðsynleg til að lengja líftíma gripanna. Talað er um að hugsa alltaf a.m.k. 25 á fram í tímann þegar kemur að meðhöndlun og varðveislu gripanna. Þetta er hluti af okkar menningararfi og honum þurfum við að skila til komandi kynslóða í eins góðu ástandi og mögulegt er. Í hinum fullkomna heimi værum við með hita- og rakastýringu – bæði hér í safninu og í geymslum safnsins. Þó væri ekki allur vandi leystur. Efnin sem munirnir eru búnir til úr eru mismunandi, s.s. pappi, pappír, ull, skinn, viður og járn svo eitthvað sé nefnt. Þessi efni þurfa mismunandi rakastig til að varðveitast sem best. Járn þarf lágt rakastig en textíll þarf hærra rakastig. Í söfnum og safngeymslum geta líka komið upp ýmis vandamál s.s. meindýr og vatnsleki, sérstaklega ef um jarðhæð eða kjallara er að ræða.

Nú, Iðnaðarsafnið er „lifandi safn“ í þeirri merkingu að fastasýningin er ekki alltaf eins. Stöðugt er verið að færa safninu muni til varðveislu. Sumir þeirra fara beint í sýningu og aðrir þá teknir út í staðinn. Svo eru hér tímabundnar sýningar. Sem stendur eru það sýningarnar *Verksmiðjustúlkan Jana í Höfða*, sem segir frá störfum Júlíönu Andrésdóttur sem vann um 40 ára skeið á Gefjun (styrkt af Fullveldissjóði), *Viðar- og marmaralíkingar Harðar Jörundssonar málarameistara*; sýning á verkum sem Hörður málaði á maskínupappír þegar hann var við nám í Kaupmannahöfn á árunum 1953-54 og sýningin *Sjósókn fyrri ára* sem er tilkomin vegna Menningararfsárs Evrópu 2018 þar sem, a.m.k. á Norðurlöndunum er lögð áhersla á Strandmenningu.

Sarpurinn er menningarsögulegur gagnagrunnur sem við höfum verið að skrá muni safnsins. Í honum eru nú 1732 færslur en undir þeim færslum eru mun fleiri gripir. Slóðin er sarpur.is.

### **Iðnaðarsafnið er eina safnið sinnar tegundar á landinu.**

Iðnaður á Akureyri átti sitt blómaskeið um og upp úr miðri 20. öld en hrundi að verulegu leit á níunda áratugnum. Síðustu verksmiðjunni á Gleráreyrum var þó ekki lokað fyrr en árið 2006.

Tíminn frá því blómaskeiði sem safnið var stofnað í kringum, og til dagsins í dag, er sögulega séð ekki svo langur. Margir eru horfnir á braut en margt af því fólki sem vann á verksmiðjunum er enn í fullu fjöri og kemur hingað til að vitja fortíðar sinnar. Það er mjög ánægjulegt að fá sögur og útskýringar frá fyrstu hendi um t.d. hvernig vélarnar voru notaðar, hvernig fólk „djöflaðist“ áfram á vélunum, hvernig skinn nuddaðist af fingrum, hvað vinnuandinn var góður og svo auðvitað sögur um framleiðsluvarninginn og útflutninginn. Einnig má heyra um þau vandamál sem glímt var við á þessum tíma; t.d. hráefnisskort eða frosið vatn í vatnstokknum sem leiddi vatnið að verksmiðjunum. Einu sinni lokaðist t.d. fyrir vatnið til Gefjunar vegna þess að kýr hafði dottið ofan í vatnstokkinn. Henni var bjargað og náði fullri heilsu eftir volkið. Til er fjöldinn allur af skemmtilegum sögum sem tengjast iðnaði á Akureyri og þeirri miklu seiglu, vinnuhörku og útsjónarsemi sem iðnverkafólk og stjórnendur lögðu á sig til að afla sér lífsviðurværis.